## VEL STÆÐIR MIÐALDRA FEÐUR FARA OFTAR Á LEIKI Í PEPSI-DEILDUM EN AÐRIR ÍSLENDINGAR

- Naumlega 17% Íslendinga fylgdust með pepsi-deild kvenna á nýliðnu sumri og um 26% með pepsi-deild karla. Aðeins tæplega 4% svarenda fóru á leik í pepsi-deild kvenna og á bilinu 10-11% á leik í pepsi-deild karla.
- Að meðaltali fóru þeir sem mættu á leiki í pepsi-deild kvenna á 3,35 leiki en þeir sem fóru á leiki í pepsi-deild karla mættu að meðaltali á 5,97 leiki.

**Fylgdist þú með pepsi-deild kvenna í sumar?**




**Fylgdist þú með pepsi-deild karla í sumar?**




- Áhugi á íslenskri knattspyrnu er algengari meðal karla, óháð því hvort um kvenna- eða karlaknattspyrnu er að ræða. Mun hærra hlutfall karla (23%) en kvenna (10%) fylgist með pepsi-deild kvenna og það sama á við um pepsi-deild karla, en 37% karla og 14% kvenna fylgjast með henni.
- Aldurshópurinn 40-49 ára fylgist frekar með báðum deildum, er líklegri til að fara á fótboltaleiki beggja kynja og fer að meðaltali á flesta leiki. Það sama er að segja um þá sem hafa hæstar heimilistekjur, þ.e. 1.200 þúsund eða hærri.
- Íbúar Reykjavíkur eru líklegri en aðrir til að mæta á leiki í pepsi-deild karla þó þeir mæti ekki oftar á leiki. Þeir sem búa á heimili þar sem börn búa fara jafnframt mun oftar en aðrir á leiki í pepsi-deild karla og karlar fara oftar en konur á leiki í pepsi-deild karla. Ekki er marktækur munur eftir búsetu, heimilisgerð og kyni á mætingu á leiki í pepsi-deild kvenna.
- Þeir sem fylgjast með pepsi-deildum en fara ekki á leiki segja ástæður fyrir því helst vera tímaskort, að liðið þeirra sé ekki í efstu deild, miðaverð, veðurfar og búsetu.
- Svarendur voru 793 talsins og komu úr Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Könnunin fór fram dagana **28. september - 10. október 2018**. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.

**Fylgdist þú með pepsi-deildum í knattspyrnu í sumar?**




**Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild í knattspyrnu í sumar?**
**Þeir sem fóru á leik (82 svarendur)**




**Skipting þeirra sem fóru á leik**



## Sp. 1. Fylgdist þú með pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 119 | 16,7 |
| Nei | 591 | 83,3 |
| Gild svör | 710 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 710 | 89,5 |
| Svöruðu ekki | 83 | 10,5 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |



# PEPSI-DEILD KVENNA

Sp. 1. Fylgdist þú með pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| **Allir** | 710 | 16,7 | 83,3 |
| **Kyn*** | | | |
| Karl | 371 | **22,8** | **77,2** |
| Kona | 338 | **10,0** | **90,0** |
| **Aldur*** | | | |
| 18-29 ára | 168 | **3,5** | **96,5** |
| 30-39 ára | 136 | 11,1 | 88,9 |
| 40-49 ára | 130 | **28,0** | **72,0** |
| 50-59 ára | 130 | 25,2 | 74,8 |
| 60 ára og eldri | 146 | 19,5 | 80,5 |
| **Búseta** | | | |
| Reykjavík | 264 | 15,7 | 84,3 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 183 | 19,8 | 80,2 |
| Suðurland og Reykjanes | 99 | 16,8 | 83,2 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 13,5 | 86,5 |
| Norðurland | 88 | 16,5 | 83,5 |
| Austurland | 34 | 11,7 | 88,3 |
| **Menntun** | | | |
| Grunnskólapróf | 123 | 13,7 | 86,3 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 212 | 14,1 | 85,9 |
| Háskólapróf | 353 | 19,0 | 81,0 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitletaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 1. Fylgdist þú með pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 710 | 16,7 | 83,3 |
| **Heimilistekjur*** | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | 11,7 | 88,3 |
| 400 til 549 þúsund | 85 | **8,2** | **91,8** |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 16,7 | 83,3 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 18,0 | 82,0 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 13,8 | 86,2 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 111 | **29,5** | **70,5** |
| **Hjúskaparstaða** | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 533 | 17,9 | 82,1 |
| Einhleyp(ur) | 127 | 10,7 | 89,3 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | 19,7 | 80,3 |
| **Heimilisgerð** | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 15,4 | 84,6 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 232 | 17,5 | 82,5 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 14,5 | 85,5 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 289 | 16,7 | 83,3 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitletaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

Sp. 2. Fórst þú á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 27 | 3,8 |
| Nei | 682 | 96,2 |
| Gild svör | 709 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 709 | 89,5 |
| Svöruðu ekki | 84 | 10,5 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |



# PEPSI-DEILD KVENNA

Sp. 2. Fórst þú á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 709 | 3,8 | 96,2 |
| **Kyn** | | | |
| Karl | 371 | 4,8 | 95,2 |
| Kona | 338 | 2,7 | 97,3 |
| **Aldur*** | | | |
| 18-29 ára | 168 | 2,5 | 97,5 |
| 30-39 ára | 136 | 1,1 | 98,9 |
| 40-49 ára | 130 | 10,3 | 89,7 |
| 50-59 ára | 130 | 4,6 | 95,4 |
| 60 ára og eldri | 146 | 1,4 | 98,6 |
| **Búseta** | | | |
| Reykjavík | 264 | 3,0 | 97,0 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 183 | 5,5 | 94,5 |
| Suðurland og Reykjanes | 99 | 4,8 | 95,2 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 0,0 | 100,0 |
| Norðurland | 87 | 4,9 | 95,1 |
| Austurland | 34 | 0,0 | 100,0 |
| **Menntun** | | | |
| Grunnskólapróf | 123 | 1,7 | 98,3 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 212 | 4,5 | 95,5 |
| Háskólapróf | 353 | 4,1 | 95,9 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 2. Fórst þú á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| **Allir** | 709 | 3,8 | 96,2 |
| **Heimilistekjur** | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | 1,5 | 98,5 |
| 400 til 549 þúsund | 85 | 1,1 | 98,9 |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 2,9 | 97,1 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 5,3 | 94,7 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 3,3 | 96,7 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 111 | 8,3 | 91,7 |
| **Hjúskaparstaða** | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 533 | 4,3 | 95,7 |
| Einhleyp(ur) | 127 | 3,4 | 96,6 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | 0,0 | 100,0 |
| **Heimilisgerð** | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 2,4 | 97,6 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 232 | 5,3 | 94,7 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 4,8 | 95,2 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 289 | 2,7 | 97,3 |




Ekki var marktækur munur á milli hópa.

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda.

# PEPSI-DEILD KVENNA

## Sp. 3. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Aldrei | 682 | 96,2 |
| 1 sinni | 6 | 0,9 |
| 2 sinnum | 7 | 1,0 |
| 3 sinnum | 4 | 0,6 |
| 4-5 sinnum | 6 | 0,8 |
| 6-9 sinnum | 3 | 0,4 |
| 10 sinnum eða oftar | 1 | 0,1 |
| Gild svör | 709 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 709 | 89,5 |
| Svöruðu ekki | 84 | 10,5 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |




| | |
|---|---|
| Meðaltal | 0,13 |
| Vikmörk á meðaltalið | +/-0,06 |
| Staðalfrávik | 0,79 |
| Meðaltal þeirra sem fóru á leik | 3,35 |

## Sp. 3. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Aldrei | 1 sinni | 2-3 sinnum | 4 sinnum eða oftar |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % |
| Allir | 709 | 96,2 | 0,9 | 1,6 | 1,4 |
| Kyn | | | | | |
| Karl | 371 | 95,2 | 1,7 | 1,2 | 1,8 |
| Kona | 338 | 97,3 | 0,0 | 1,9 | 0,8 |
| Aldur* | | | | | |
| 18-29 ára | 168 | 97,5 | 1,4 | 1,0 | 0,0 |
| 30-39 ára | 136 | 98,9 | 0,0 | 1,1 | 0,0 |
| 40-49 ára | 130 | 89,7 | 1,6 | 3,9 | 4,9 |
| 50-59 ára | 130 | 95,4 | 1,4 | 1,7 | 1,4 |
| 60 ára og eldri | 146 | 98,6 | 0,0 | 0,4 | 1,0 |
| Búseta | | | | | |
| Reykjavík | 264 | 97,0 | 0,9 | 0,8 | 1,3 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 183 | 94,5 | 2,1 | 1,3 | 2,1 |
| Suðurland og Reykjanes | 99 | 95,2 | 0,0 | 3,5 | 1,3 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 100,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Norðurland | 87 | 95,1 | 0,0 | 3,8 | 1,1 |
| Austurland | 34 | 100,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Menntun | | | | | |
| Grunnskólapróf | 123 | 98,3 | 0,0 | 0,9 | 0,8 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 212 | 95,5 | 2,1 | 1,0 | 1,4 |
| Háskólapróf | 353 | 95,9 | 0,5 | 2,0 | 1,6 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 3. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Aldrei | 1 sinni | 2-3 sinnum | 4 sinnum eða oftar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | |
| **Allir** | 709 | 96,2 | 0,9 | 1,6 | 1,4 | 0,13 |
| **Heimilistekjur*** | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | 98,5 | 0,0 | 1,5 | 0,0 | 0,03 |
| 400 til 549 þúsund | 85 | 98,9 | 0,0 | 0,0 | 1,1 | 0,04 |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 97,1 | 0,8 | 2,1 | 0,0 | 0,06 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 94,7 | 3,0 | 1,4 | 0,9 | 0,13 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 96,7 | 0,0 | 2,3 | 1,0 | 0,09 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 111 | 91,7 | 1,9 | 1,6 | 4,8 | 0,38 |
| **Hjúskaparstaða** | | | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 533 | 95,7 | 1,0 | 1,6 | 1,6 | 0,15 |
| Einhleyp(ur) | 127 | 96,6 | 0,7 | 1,9 | 0,7 | 0,07 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | 100,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,00 |
| **Heimilisgerð** | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 97,6 | 0,9 | 0,6 | 0,9 | 0,06 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 232 | 94,7 | 0,8 | 2,9 | 1,5 | 0,20 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 95,2 | 0,0 | 1,0 | 3,8 | 0,25 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 289 | 97,3 | 0,8 | 1,0 | 0,8 | 0,06 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

Sp. 4. Hvers vegna fórst þú ekki á (fleiri) leik(i) í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

**Þeir sem fóru á leik(i)**

- Hafði ekki tíma (3 svör).
- Áhugaleysi.
- Búseta.
- Erfiðir leiktímar og áhugaleysi.
- Erlendis mest allt sumarið og svo vinna.
- Fylgist fyrst og fremst með í fjölmiðlum. Er ekki virkur stuðningsmaður.
- Hafði ekki áhuga á meiru.
- Kalt og rakt sumar, er með gigt.
- Komst ekki.
- Lítill tími.
- Með lítið barn, fer bara á heimaleiki.
- Tímaskortur.
- Upptekin við annað.
- Var ekki heima þegar leikir voru.
- Veður á leikdag og ekki eins mikill áhugi og á karlaboltanum.
- Veður og tímasetning.
- Veður.
- Vegna anna.
- Vegna veðurs.
- Veit ekki.

**Þeir sem fylgdust með en fóru ekki á leik**

- Hafði ekki tíma (3 svör).
- Mitt lið er ekki í pepsi-deildinni (3 svör).
- Ekki áhuga (2 svör).
- Langaði ekki (2 svör).
- Áhugalaus.
- Áhuginn ekki það mikill, þó ég fylgist með.
- Búsettur þar sem engir leikir í deildinni fóru fram.
- Bý úti á landi og hef ekki tök á því.
- Bý úti á landi, ekkert lið nálægt mér.
- Dýrt.
- Ekki áhugi. Fylgist með úrslitum.
- Ekki nógan áhuga.
- Ekki nógu spennandi valkostur fyrir takmarkaðan frítíma. Önnur meira spennandi afþreying.
- Ekki nægur áhugi.
- Ekki tími.
- Enginn áhugi á því að fara á leiki.
- Engu sérstöku.
- Er fatlaður.
- Ég fylgist með í lesmiðlum - annað ekki.
- Ég fylgist með í sjónvarpinu en fer ekki - langir leikir og oft kalt úti.
- Ég nennti ekki.
- Fer aldrei á leiki.
- Fer ekki á leiki.
- Fer sjaldan á völlinn.
- Fjarvera vegna vinnu.
- Framtaksleysi.
- Fylgdist með fótbolti.net.
- Fylgdist með mörgum leikjum í sjónvarpinu.
- Fylgist með netmiðlum og íþróttafréttum.

Sp. 4. Hvers vegna fórst þú ekki á (fleiri) leik(i) í pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar?

**Þeir sem fylgdust með en fóru ekki á leik - frh.**

- Get ekki verið á völlum annað hvort standandi eða á vondum sætum.
- Góð spurning!
- Góð spurning, hef í sjálfu sér ekki svör við því.
- Hef ekki áhuga.
- Hef ekki það mikinn áhuga en fylgist með í sjónvarpi af og til.
- Hef ekki það mikinn áhuga, fylgist með á fréttamiðlum.
- Hef fylgst með fréttum í fjölmiðlum.
- Heilsa.
- Hey! Bý enn þá á Austurlandi.
- Horfði í sjónvarpi (vegna veðurs).
- Horfi bara á leiki í sjónvarpi.
- Kostar of mikið.
- Kostar.
- Langt að fara á leiki.
- Langt að fara.
- Leiðinlegt.
- Mér finnst fótbolti leiðinlegur.
- Mitt lið er ekki í Pepsi deildinni, en fór á leiki í Inkasso deild kvenna.
- Mitt lið var að spila í Inkasso.
- Mitt lið var í Inkasso-deildinni - fór á leiki þar, en færri en vanalega. Fylgdist með Pepsi-deildinni í fjölmiðlum.
- Nenni ekki á leiki.
- Nennti ekki.
- Of dýrt.
- Of langt að fara.
- Sama ástæða og ég fór ekki á pepsi-deild karla: Engin upplifun. Má ekki kaupa bjór. Situr eða stendur í köldu íslensku veðri og eingöngu vegna þess að það er ætlast til þess að þú mætir að styðja „þitt lið“. Allt of mikil áhersla á að „þitt lið“ vinni frekar en upplifun að vera á fótboltaleik. Umfjöllun er þreytt.
- Tímaleysi, áhugaleysi.
- Tímaleysi.
- Tímaskortur.
- Tv.
- Var annað að gera.
- Var ekkert á svæðinu.
- Var oft að vinna eða úti á landi/í útlöndum á sama tíma og leikirnir voru.
- Vegalengir. Horfi á HM og EM ef það er aðgengilegt óruglað.
- Vegna búsetu.
- Vegna fjölda leikja á HM í sumar.
- Vegna vinnu og tímaleysis.
- Vegna vinnu.
- Veikindi o.fl.
- Vinna.
- Því ég bý út á landi.

Sp. 5. Fylgdist þú með pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 185 | 25,9 |
| Nei | 529 | 74,1 |
| Gild svör | 714 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 714 | 90,0 |
| Svöruðu ekki | 79 | 10,0 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |



# PEPSI-DEILD KARLA

Sp. 5. Fylgdist þú með pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 714 | 25,9 | 74,1 |
| **Kyn*** | | | |
| Karl | 372 | **36,7** | **63,3** |
| Kona | 341 | **14,1** | **85,9** |
| **Aldur*** | | | |
| 18-29 ára | 168 | **18,3** | **81,7** |
| 30-39 ára | 136 | 21,6 | 78,4 |
| 40-49 ára | 130 | **39,2** | **60,8** |
| 50-59 ára | 134 | 29,3 | 70,7 |
| 60 ára og eldri | 146 | 23,7 | 76,3 |
| **Búseta** | | | |
| Reykjavík | 266 | 28,6 | 71,4 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 184 | 30,5 | 69,5 |
| Suðurland og Reykjanes | 100 | 21,4 | 78,6 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 19,6 | 80,4 |
| Norðurland | 87 | 18,5 | 81,5 |
| Austurland | 34 | 19,8 | 80,2 |
| **Menntun*** | | | |
| Grunnskólapróf | 124 | 20,8 | 79,2 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 214 | 22,1 | 77,9 |
| Háskólapróf | 355 | 30,1 | 69,9 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 5. Fylgdist þú með pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 714 | 25,9 | 74,1 |
| **Heimilistekjur*** | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | **15,7** | **84,3** |
| 400 til 549 þúsund | 86 | 19,4 | 80,6 |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 23,0 | 77,0 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 28,5 | 71,5 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 27,8 | 72,2 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 113 | **41,9** | **58,1** |
| **Hjúskaparstaða*** | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 537 | **28,4** | **71,6** |
| Einhleyp(ur) | 127 | 19,3 | 80,7 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | **15,5** | **84,5** |
| **Heimilisgerð** | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 19,2 | 80,8 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 234 | 26,0 | 74,0 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 33,4 | 66,6 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 291 | 26,3 | 73,7 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

Sp. 6. Fórst þú á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 74 | 10,4 |
| Nei | 639 | 89,6 |
| Gild svör | 713 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 713 | 89,9 |
| Svöruðu ekki | 80 | 10,1 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |



# PEPSI-DEILD KARLA

## Sp. 6. Fórst þú á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 713 | 10,4 | 89,6 |
| Kyn* | | | |
| Karl | 372 | **16,4** | **83,6** |
| Kona | 341 | **3,9** | **96,1** |
| Aldur* | | | |
| 18-29 ára | 168 | 9,3 | 90,7 |
| 30-39 ára | 136 | 8,3 | 91,7 |
| 40-49 ára | 130 | **21,0** | **79,0** |
| 50-59 ára | 134 | 10,2 | 89,8 |
| 60 ára og eldri | 146 | **4,3** | **95,7** |
| Búseta* | | | |
| Reykjavík | 265 | **14,5** | **85,5** |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 184 | 10,9 | 89,1 |
| Suðurland og Reykjanes | 100 | 8,7 | 91,3 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 6,8 | 93,2 |
| Norðurland | 87 | **2,0** | **98,0** |
| Austurland | 34 | 7,1 | 92,9 |
| Menntun* | | | |
| Grunnskólapróf | 124 | 5,8 | 94,2 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 214 | 8,8 | 91,2 |
| Háskólapróf | 355 | 13,1 | 86,9 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitletaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 6. Fórst þú á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Já | Nei |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % |
| Allir | 713 | 10,4 | 89,6 |
| **Heimilistekjur*** | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | **1,5** | **98,5** |
| 400 til 549 þúsund | 86 | 7,3 | 92,7 |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 10,0 | 90,0 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 10,2 | 89,8 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 11,7 | 88,3 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 113 | **19,9** | **80,1** |
| **Hjúskaparstaða** | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 536 | 11,6 | 88,4 |
| Einhleyp(ur) | 127 | 8,0 | 92,0 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | 2,1 | 97,9 |
| **Heimilisgerð** | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 7,8 | 92,2 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 234 | 12,8 | 87,2 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 14,8 | 85,2 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 291 | 8,2 | 91,8 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

Sp. 7. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Aldrei | 639 | 89,6 |
| 1 sinni | 15 | 2,1 |
| 2 sinnum | 10 | 1,4 |
| 3 sinnum | 9 | 1,3 |
| 4-5 sinnum | 13 | 1,8 |
| 6-9 sinnum | 8 | 1,2 |
| 10-14 sinnum | 11 | 1,5 |
| 15 sinnum eða oftar | 8 | 1,1 |
| Gild svör | 713 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 713 | 89,9 |
| Svöruðu ekki | 80 | 10,1 |
| Heildarfjöldi | 793 | 100,0 |




| | |
|---|---|
| Meðaltal | 0,62 |
| Vikmörk á meðaltalið | +/-0,20 |
| Staðalfrávik | 2,66 |
| Meðaltal þeirra sem fóru á leik | 5,97 |

Sp. 7. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Aldrei | 1 sinni | 2-3 sinnum | 4-9 sinnum | 10 sinnum eða oftar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % |
| Allir | 713 | 89,6 | 2,1 | 2,7 | 3,0 | 2,5 |
| Kyn* | | | | | | |
| Karl | 372 | 83,6 | 3,5 | 4,5 | 4,7 | 3,7 |
| Kona | 341 | 96,1 | 0,7 | 0,7 | 1,2 | 1,2 |
| Aldur* | | | | | | |
| 18-29 ára | 168 | 90,7 | 1,0 | 5,4 | 1,4 | 1,4 |
| 30-39 ára | 136 | 91,7 | 1,1 | 2,2 | 2,3 | 2,7 |
| 40-49 ára | 130 | 79,0 | 5,4 | 1,4 | 8,1 | 6,2 |
| 50-59 ára | 134 | 89,8 | 1,4 | 2,7 | 3,7 | 2,4 |
| 60 ára og eldri | 146 | 95,7 | 2,2 | 1,1 | 0,4 | 0,6 |
| Búseta | | | | | | |
| Reykjavík | 265 | 85,5 | 1,9 | 5,6 | 4,1 | 3,0 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 184 | 89,1 | 4,0 | 1,5 | 3,3 | 2,0 |
| Suðurland og Reykjanes | 100 | 91,3 | 0,0 | 0,8 | 2,4 | 5,5 |
| Vesturland og Vestfirðir | 42 | 93,2 | 5,0 | 1,8 | 0,0 | 0,0 |
| Norðurland | 87 | 98,0 | 0,0 | 0,0 | 0,8 | 1,2 |
| Austurland | 34 | 92,9 | 2,5 | 0,0 | 4,6 | 0,0 |
| Menntun | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 124 | 94,2 | 1,5 | 1,3 | 1,7 | 1,3 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 214 | 91,2 | 1,7 | 1,9 | 3,7 | 1,4 |
| Háskólapróf | 355 | 86,9 | 2,7 | 3,8 | 3,1 | 3,5 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitletraðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

Sp. 7. Hversu oft fórstu á leik í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

| | Gild svör | Aldrei | 1 sinni | 2-3 sinnum | 4-9 sinnum | 10 sinnum eða oftar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % |
| Allir | 713 | 89,6 | 2,1 | 2,7 | 3,0 | 2,5 |
| Heimilistekjur* | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 113 | 98,5 | 0,0 | 1,5 | 0,0 | 0,0 |
| 400 til 549 þúsund | 86 | 92,7 | 3,0 | 1,0 | 3,3 | 0,0 |
| 550 til 799 þúsund | 112 | 90,0 | 1,6 | 5,0 | 1,5 | 1,8 |
| 800 til 999 þúsund | 114 | 89,8 | 0,0 | 2,1 | 4,9 | 3,2 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 93 | 88,3 | 0,8 | 3,5 | 3,6 | 3,9 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 113 | 80,1 | 4,6 | 4,7 | 3,4 | 7,1 |
| Hjúskaparstaða | | | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 536 | 88,4 | 2,0 | 3,1 | 3,1 | 3,4 |
| Einhleyp(ur) | 127 | 92,0 | 2,9 | 1,3 | 3,7 | 0,0 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 45 | 97,9 | 0,0 | 2,1 | 0,0 | 0,0 |
| Heimilisgerð* | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 107 | 92,2 | 3,4 | 0,9 | 2,9 | 0,6 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 234 | 87,2 | 2,0 | 2,4 | 3,5 | 4,9 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 73 | 85,2 | 3,5 | 2,7 | 3,8 | 4,9 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 291 | 91,8 | 1,5 | 3,7 | 2,3 | 0,8 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem hlutfallstölur eru feitlitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

## Sp. 8. Hvers vegna fórst þú ekki á (fleiri) leik(i) í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

**Þeir sem fóru á leik(i)**

- Komst ekki (3 svör).
- Miðaverð (2 svör).
- Of dýrt (2 svör).
- Veður (2 svör).
- Alltof dýrt og leikir alltof langir.
- Bara.
- Bý á Akureyri og því ekki góður aðgangur.
- Dýrt og vont veður.
- Ekki áhugi.
- Ekki tíma.
- Er með deildina í sjónvarpinu.
- Ég nennti því ekki.
- Ég sá nánast alla leiki með ÍBV í sumar á heimavelli, var ekki mikið á ferðinni til að fylgjast með uppá landi, þannig að ég tel þetta þó nokkuð.
- Fjarvistir vegna vinnu.
- Fór á heimaleiki.
- Fór á mjög marga.
- Gaman.
- Hef ekki tíma, eða man ekki eftir.
- Held með liði þar.
- Horfði í sjónvarpi. Verðið of hátt ef maður hefur leikinn í sjónvarpi.
- Kalt og rakt sumar, er með gigt.
- Komst ekki yfir að fara á fleiri.
- Langaði ekki, komst ekki.
- Langaði ekki.
- Leiðinlegt veður og of tímafrekt að fara á leiki, önnur verkefni.
- Liðið mitt er í Inkasso.
- Með lítið barn, nennti ekki alltaf.
- Mitt lið var ekki í Pepsí deildinni í sumar.
- Mínu liði gekk illa.
- Sumarfrí fjölskyldunnar og veiði.
- Sumarfrí, veðurlag, áhugaleysi.
- Sumarfrí.
- Sýnt í sjónvarpi, dýrt á völlinn og leiðinlegt veður.
- Tímaleysi fyrst og fremst.
- Tímaleysi og vinna skaraðist við leiki.
- Tímaskortur, vont veður.
- Upplifunin að fara á leik er ekki nægilega skemmtileg. Tímasetningar leikja ekki nægilega góðar. Stemningin í kringum leiki er ekki nægilega góð. Helstu atriði: - Háværar börn með læti - Ekki hægt að kaupa bjór á leikjum og taka með í stúkuna - Veitingasala fábrotin (kaldar dóminos pizzur) og vondir hamborgarar (þetta hefur reyndar aðeins lagast en virðist handahófskennt hvað og hvenær eitthvað er í boði) - Langar biðraðir í veitingasölu og stundum lítið til þegar röðin kemur að manni - Salernisaðstaða oft á tíðum ábótavant. Svo mættu félögin vera miklu duglegri að selja varning á vellinum; trefla, treyjur og annan merktan varning. Huga þarf að heildarafþreyingargildi áhorfandans af því að mæta á leik í úrvalsdeild - ekki bara horfa á slakan fótbolta á mánudagskvöldi í vondu veðri. Það þarf meira til að laða fólk að.
- Upptekinn við annað merkilegra eða erlendis.
- Uptekin við annað.
- Var að vinna.
- Var ekki heima eða nennti ekki.
- Var mikið úr bænum og mikið rót í einkalífinu í sumar. Fer venjulega á fleiri (svona 8-10 leiki yfir sumarið).
- Var oft að vinna þegar leikir voru eða úti á landi/ekki á landinu.
- Veður á leikdag.
- Veður og tímasetning hentaði ekki alltaf.
- Vegna anna.
- Vegna tímaskorts eða ferðalaga.
- Vegna veðurs.
- Vegna vinnu og sumarleyfis.
- Vegna vinnu.
- Veit ekki.
- Vont veður.
- Það var kalt og eg nennti ekki.

Sp. 8. Hvers vegna fórst þú ekki á (fleiri) leik(i) í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

**Þeir sem fylgdust með en fóru ekki á leik**

- Nennti ekki (4 svör).
- Dýrt (3 svör).
- Bý úti á landi (2 svör).
- Langt að fara (2 svör).
- Af því að ég er meira í handboltanum.
- Af því að liðið mitt er í Inkasso deildinni.
- Alltof hátt miðaverð og því ekki fjölskylduvæn skemmtun.
- Annað við tímann að gera.
- Áhuginn ekki mikill.
- Áhuginn ekki nægur.
- Áhuginn ekki það mikill.
- Betra að horfa í sjónvarpi - kalt úti og kostar of mikið á leiki.
- Búseta, áhugaleysi.
- Bý á Flúðum og var ekki að fara mikið í Reykjavík og finnst full dýrt á völlinn.
- Bý eystra.
- Bý úti á landi og hef þar með ekki tök á því.
- Bý úti á landi, ekkert lið nálægt mér.
- Ekki áhugi. Fylgist með úrslitum leikja.
- Ekki mitt lið að spila.
- Ekki nógan áhuga.
- Ekki nógu áhugasamur.
- Ekki nægur áhugi.
- Ekki það áhugamikill lengur og hafði auk þess tök á að sjá mjög góða umfjöllun Stöðvar 2 í sjónvarpinu um mótið.
- Engin upplifun. Má ekki kaupa bjór. Situr eða stendur í köldu íslensku veðri og eingöngu vegna þess að það er ætlast til þess að þú mætir að styðja „þitt lið“. Allt of mikil áhersla á að „þitt lið“ vinni frekar en upplifun að vera á fótboltaleik sem góða afþreyingu. Umfjöllun er þreytt, þyrfti að vera meira eins og College Game Day á ESPN. Leikir fara fram á sama tíma og einn leikur er leikur umferðarinnar þar sem menn eru staddir á vellinum með „spekinga“ að pæla og spá í spilin. Kaninn er búinn að fullkomna þetta, það þarf ekki að finna upp hjólið.
- Er á Vopnafirði.
- Er ekki þannig áhugamaður.
- Er fatlaður.
- Fer aldrei á leiki - en fylgist með stöðunni!
- Fer aldrei á leiki.
- Fer almennt ekki á leiki.
- Fer sjaldan á völlinn.
- Fjallabyggð spilar ekki í pepsideild.
- Fylgist með á netinu og í íþróttafréttum. Samt óvanalegt, fer oftast eitthvað á völlinn á hverju sumri.
- Hafði ekki áhuga að fara og er að vinna vanalega mikið svo ég hef ekki tíma.
- Hafði ekki tíma.
- Hef aðgang að stöð2 sport.
- Hef bara ekki gaman af því að vera úti í skítakulda að horfa á fótbolta.
- Hef ekki áhuga, en gaman að fylgjast smá með í fjölmiðlum.
- Hef ekki nógu mikinn áhuga.
- Hef engan áhuga á fótbolta en horfi samt sem áður á það í sjónvarpinu með pabba.
- Hef fylgst með fréttum úr deildinni í fjölmiðlum.
- Heilsa.
- Hentaði mér ekki.
- Hey! Bý á Austurlandi.
- Horfði á í sjónvarpi.
- Horfði á netinu.
- Horfði í sjónvarpi.
- Horfi á leiki í sjónvarpi, sumarið var ekki að bjóða upp á þægindi.
- Innkasso.
- Keflavík er með það lélegt lið að ég nennti ekki.
- Langaði ekki. Held ekki með neinu sérstöku liði.
- Langt að sækja. Horfi ekki mikið á fótbolta nema HM og EM.
- Leiðinlegur bolti.
- Liðið mitt er ekki í pepsideildinni.
- Lítið áhugavert, KR skásta stemningá þeim bæ.
- Margar ástæður, veikindi o.fl.

Sp. 8. Hvers vegna fórst þú ekki á (fleiri) leik(i) í pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar?

**Þeir sem fylgdust með en fóru ekki á leik - frh.**

- Mitt lið er í annarri deild.
- Mitt lið var ekki þar.
- Mitt lið var í Inkassó en verður í pepsi á næsta ári.
- Nóg að fylgjast með í sjónvarpi.
- Of dýrt á völlinn.
- Of dýrt og leiðinlegir leikir.
- Of langt að fara.
- Sé aðeins glefsur í sjónvarpi og stigatöflu í blöðum. Fer mjög sjaldan á völlinn síðustu ár.
- Sjónvarp.
- Tími.
- Út af engu sérstöku.
- Vantar tíma.
- Var ekki á Reykjavíkursvæðinu í sumar.
- Var upptekin á leikjum í Pepsi-deild kvenna og Inkasso deild karla.
- Veðrið hefur spilað stórt atriði svo og að mínu félagi hefur ekki gengið allt of vel!
- Veður / gæði.
- Vegna áskriftar á Stöð2Sport.
- Vegna búsetu.
- Vegna fjölda HM leikja í sumar.
- Vinna.
- Vont veður og horfði á í tv.
- Því ég bý út á landi.